

Forsætisráðherra, utanríkisráðherra, góðir gestir mig langar til þess að byrja á því að óska nýkjörnum formanni Þór Sigfússyni til hamingju, um leið og ég þakka Ingimundi Sigurpálssyni fyrir samstarfið.

Út úr umrótinu – inn í framtíðina er yfirskriftin hér í dag. Það má sannarlega segja að mikið umrót og órói hafi einkennt fjármálalíf heimsins að undanfögnu og við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af því. Ef eitthvað er höfum við farið verr út úr því en nágrannabjóðirnar. Myndin sem við okkur blasir er hækkandi vextir, hækkandi verðlag og gengissveiflur. Seðlabankinn hækkaði enn vexti í liðinni viku, svo stýrivextir nú eru þeir hæstu í heimi, í landi með þróað hagkerfi. Boðaðar hafa verið hækkanir á vörum og þjónustu, sem sumar hverjar hafa þegar komið til framkvæmda. Það má því segja, að ótæpilegar vaxtahækkanir Seðlabankans undanfarið hafi ekki unnið á verðbólgu heldur verið undirrót ójafnvægis og gengissveiflna sem hafa valdið íslensku atvinnulífi miklum skaða, eins og segir í grein framkvæmdastjórnar Samtaka Atvinnulífsins í kjölfar hækkunar stýrivaxta.

Hvernig getum við brugðist við þessu ástandi? Hvernig náum við stöðugleika í atvinnulífinu til framtíðar? Að mínu viti eru ekki margar leiðir færar í því efni. Við getum auðveldlega eytt dýrmætum tíma í umræður um, hvort hinir ýmsu gjaldmiðlar komi okkur á réttan kjöl. Ég tel hins vegar að við eigum að horfa til Evrunnar og aðildar að Evrópusambandinu.

Því hefur verið haldið fram að umræðan um Evrópusambandið og evru sé flótti frá því verkefni sem þjóðin standi nú frammi fyrir. Ég get ekki fallist á það. Nær væri að segja að við höfum sifið á verðinum og svikist um að marka okkur skýra stefnu í Evrópumálum meðan flest hefur gengið okkur í haginn. Við stöndum frammi fyrir brennandi spurningum, sem við höfum svikist um að leita svara við.

Saga Evrópusambandsins er saga stórra sigra fyrir aðildarríkin. Þau skref sem Ísland hefur stigið í Evrópusamstarfi hafa tvímælalaust orðið þjóðinni til framdráttar. EFTA og svo Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafa gefist vel - um það er ekki deilt. En þróun undanfarinna vikna færir okkur heim sanninn um, að aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu var bara biðleikur. Sá

djarfi biðleikur galopnaði hagkerfið en við höldum áfram að notast við krónu sem er svo aum, að spákaupmenn á mörkuðum geta spilað með efnahag heillar þjóðar, eins og fréttir undanfarinna daga og vikur, sýna.

Þjóðinni, fólkinu og fyrirtækjunum, hugnast aðild að Evrópusambandinu æ betur. Ef marka má kannanir hefur stuðningur við aðildarumsókn aldrei verið meiri en nú. Fyrirtækin eru að sligast, hvort sem litið er til verðbólgu, vaxta eða gengis gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Því hefur stjórn Samtaka Atvinnulífsins ákveðið að setja á laggirnar nefnd sérfræðinga til þess að meta möguleika á evruvæðingu atvinnulífsins, sem felur í sér að einkaaðilar noti evruna sem gjaldmiðil í öllum viðskiptum sín á milli. Við náum ekki þeim stöðugleika sem þarf með krónunni.

Hvers vegna eigum við að óttast það sem frændþjóðum okkar Dönum, Finnum og Svíum hefur reynst svo vel? Auðvitað verðum við að gæta okkar hagsmuna í samningaviðræðum við Evrópusambandið, eins og hagsmuna sjávarútvegsins. Evrópusambandið snýst hins vegar um fleira en okkar þröngu en afar mikilægu hagsmuni, sem svo mjög hafa verið í deiglu undanfarið í umræðu um krónu og evru. Við getum ekki haldið úti galopnu hagkerfi með flóktandi örmynt. Stjórnendur fyrirtækja verða að geta gefið sig alla í reksturinn á hverjum tíma. Duttlungar krónunnar geta hvorki né mega ráða för.

Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá hafa íslensk fyrirtæki verið þátttakendur í alþjóðaviðskiptum undangengin ár og eru í rekstri víða erlendis. Sem dæmi má nefna, að fjármálageirinn hefur verið að sækja fram erlendis og er orðin helsta útflutningsgreinin. Ekki er víst að fyrirtækin geti starfað áfram við óbreyttar aðstæður. Þá gæti þeim orðið nauðugur sá kostur að færa sig úr landi. Það er ekki flókin aðgerð. Flest eiga þau dótturfélög í útlöndum, sem lítill vandi er að breyta í móðurskip. Ef svo illa færi flyttust gríðarlegar tekjur úr íslenska hagkerfinu. Og fjöldi starfa flyttist úr landi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íslenskt athafnalíf.

Það skiptir miklu máli fyrir þessi fyrirtæki, að baklandið hér á Íslandi sé sterkt, stöðugt og slái í takt, svo þeir sem við eigum viðskipti við, skilji íslenskt efnahagslíf. Það sér hver maður, að það

gengur ekki til lengdar að hér búi menn við verðbólgu, sem stefnir í tveggja stafa tölu, 15 komma 5 prósentu stýrivexti og gjaldeyriskort. Það verður að sjá til þess, að það sé gjaldeyrisflæði á Íslandi, svo einstaklingar og fyrirtæki geti átt viðskipti með gjaldeyri.

Góðir fundarmenn!

Mikið hefur verið fjallað um Ísland og íslensk fyrirtæki í erlendum fjölmiðlum undanfarin misseri. Það hefði þótt saga til næsta bæjar fyrir nokkrum árum þegar atvinnulífið hér snerist bara um fisk. Þessi umfjöllun er staðfesting á því, að hér á landi starfa fyrirtæki, sem njóta virðingar þótt ung séu. Tónninn í þeim fréttum, sem mest er til vandað, er yfirleitt sá, að þessi fyrirtæki gjaldi krónunnar. Vandaðir fjölmiðlar skynja það, að atvinnulífið hafi vaxið innviðunum yfir höfuð.

Nefnd sem forsætisráðherra skipaði um ímynd Íslands í nóvember 2007 skilaði skýrslu í síðustu viku. Þar kemur fram, að viðamikil könnun á skoðunum Íslendinga hafi leitt í ljós, að Íslendingar telja sig almennt vera duglega, bjartsýna og áræða, og að náttúrulegur kraftur og frumkvæði einkenni atvinnulíf og menningu landsins.

Það er rétt að kraftur og frumkvæði einkenna íslenskt atvinnulíf. Fyrirtækin eru traust, framsækin og sterk mörg hver en baklandið er lítið og veikt. Það er stóra meinið. Þess vegna sýnist mér, að besta leiðin til að ná því til baka, sem hugsanlega hefur kvarnast úr traustinu, sé að horfast í augu við staðreyndina. Hjá því verður ekki komist. Stjórnvöld eiga að tilkynna strax, að nú standi fyrir dyrum að finna leiðir til að samtvinna hagsmuni okkar stærri einingu, sem geti veitt skjól í ágjöfinni og stöðugleika til framtíðar.

Fyrsta skrefið í þá átt er að sækjast eftir viðræðum um aðild að Evrópusambandinu. Það stoðar lítið að fara í miklar kynningarherferðir án þess að boða breytingar. Vitaskuld munu breytingarnar taka nokkur ár. En ef ljóst er, að þær eru á döfinni, lægir öldurnar. Því fyrr því betra.

Takk fyrir